



Viðtakandi: Innkaupa- og framkvæmdaráð

Sendandi: Þjónustu- og nýsköpunarsvið, upplýsingatækniþjónusta

Samkeppnisútbod nr. 15697 Prentþjónusta fyrir Reykjavíkurborg

Tilboð í ofangreindu EES útbóði Þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar (PON) voru opnuð á Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar þann 17. maí 2023.

Eftirfarandi aðilar skiluðu inn tilboði:

1. Kjaran ehf.
2. Opin Kerfi hf.
3. Origo hf.
4. PLT ehf.

Alls voru níu viðaukar sendir út á tímabilinu 15. mars til 11. maí 2023. Í viðauka 5 var bjóðendum gefinn kostur á að hýsa netþjóna sína vegna útbóðsins í gagnaveri Reykjavíkurborgar. Í viðauka 8 var sá möguleiki felldur úr gildi með viðauka til að tryggja jafnræði milli bjóðenda og innihélt sá viðauki jafnframt framlengingu á opnun tilboða. Að öðru leyti innihéldu viðaukarnir svör við fyrirspurnum.

Forsendur fyrir vali tilboðs voru eftirfarandi, sbr. kafli 0.8 í útbóðslýsingu:

Forsendur fyrir vali kaupanda eru besta hlutfall milli verðs sem vegur 50% og gæða sem vega 50%.

Matsnefnd þriggja aðila á vegum kaupanda yfirfór innsendar greinargerðir bjóðenda og gaf þeim stig sem vógu 50% á móti verði í samræmi við kafla 0.8 í útbóðslýsingu. Eftir upphaflega yfirferð tilboða lá fyrir að PLT ehf. var með hagkvæmasta tilboð á grundvelli verðs og gæða. Með erindi til innkaupa- og framkvæmdaráðs dags. 3. júlí 2023 lagði kaupandi því til að gengið yrði að tilboði PLT ehf. án frekari samningsviðræðna, líkt og áskilnaður er gerður um í kafla 0.1.4 í útbóðslýsingu. Var sú tillaga samþykkt á fundi ráðsins þann 13. júlí.

Ákvörðunin um val á tilboði PLT ehf. var felld úr gildi með úrskurði kærunevndar útbóðsmála þann 20. desember 2023. Kaupandi hóf því yfirferð á næsthagkvæmasta tilboði á grundvelli verðs og gæða, sem var tilboð Opinna kerfa hf. Innkaupaskrifstofa hefur yfirfarið tilboð Opinna kerfa hf. m.t.t. krafna um fjárhagslegt hæfi og staðfest að Opin kerfi hf. uppfylla kröfur um fjárhagslegt hæfi. Kaupandi hefur yfirfarið tilboð Opinna kerfa hf. og staðfestir að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.

Tilboð Opinna kerfa hf. er 1,18% yfir kostnaðaráætlun kaupanda en kaupandi áskildi sér rétt til að taka tilboði sem væri yfir kostnaðaráætlun, sbr. kafla 0.8 í útbóðslýsingu.

Kaupandi leggur til að gengið verði að tilboði Opinna kerfa hf. að fjárhæð 564.570.000 kr. án vsk., enda uppfyllir það allar kröfur útbóðsgagna og er hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli besta hlutfalls milli verðs og gæða. Samningstími er 6 ár með heimild til þess að framlengja samning tvisvar sinnum um tvö ár í senn

Virðingarfyllst,

Fjóla Kristín Traustadóttir

Deildarstjóri tækniþjónustu



Reykjavíkurborg

Hjálagt:

1. Opnunarfundargerð
2. Matskröfur og aðferðarfræði
3. Greinargerð ásamt fylgiskjölum (**trúnaðarskjal**)



Árið 2023, þann 17. maí kl. 10:15 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í EES útbóði þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar nr. 15697 „Prentþjónusta fyrir Reykjavíkurborg“.

Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Eva Björk Hickey.

Á tilboðsfresti voru sendir út níu viðaukar.

Eftirfarandi tilboð bárust:		Heildartilboðs- verð án vsk	Tengist við gjaldmiðil	
1 Kjaran ehf.	Kr	654.357.400	EUR	117,27%
2 Opin Kerfi ehf.	Kr	564.570.000	Nei	101,18%
3 Origo hf.	Kr	642.600.000	Nei	115,16%
4 PLT ehf.	Kr	452.602.400	EUR	81,11%
Kostnaðaráætlun	Kr	558.000.000		100,00%

Fleiri tilboð bárust ekki.

Opnun tilboða lokið kl. 10:30